

Fundarboðandi: Sigurborg Daðadóttir

Fundarstaður: Matvælastofnun, Austurvegi 64, Selfossi

Fundarstjóri: Sigurborg Daðadóttir

Dagsetning: 27. nóvember 2019

Fundarritari: Sigurjón Njarðarson

Fundartími: 13:00 – 15:00

Þátttakendur:

Sigurborg Daðadóttir (Yfirdýralæknir, formaður Fagráðs), Ólafur R. Dýrmundsson (f.h. Dýraverndunarsambands Íslands), Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands) og Sigurjón Njarðarson (Starfsmaður Fagráðs um velferð dýra). Baldur Helgi Benjamínsson (f.h. Bændasamtaka Íslands) og Sigríður Björnsdóttir (sérfærðimat á dýratilraunum f.h. MAST) sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá

1. Umsagnir um umsóknir til dýratilrauna
2. Lausaganga sauðfjár meðfram vegum landsins – áður frestað á dagskrá 3. september 2019.

Umræða

1. Umsagnir um umsóknir til dýratilrauna

Áskorunartilraun: tilraunabólusetning á útflutningshestum við sumarexemi: Fagráð um velferð dýra veitir samhljóða jákvæða umsögn um tilraunina.

Ákeyrslur á dýr meðfram vegum landsins – Erindi frá meðlimi Fagráðs

Upphaflega var fjallað um málið á fundi Fagráðs þann 3. september 2019 undir heitinu Lausaganga sauðfjár meðfram vegum landsins. Ákveðið var að fjalla almennt um ákeyrslur á dýr á þjóðvegum landsins í stað einnar dýrategundar.

Að beiðni meðlima Fagráðs var aflað gagna frá Ríkislögreglustjóra og voru þau lögð fram á fundinum.

Samkvæmt gögnum Ríkislögreglustjóra hefur verið ekið á búfé og hreindýr alls 1.823 sinnum á tæplega fjórum árum, 1. janúar 2016 til 31. október 2019.

Fagráð lýsir yfir áhyggjum af þeim mikla fjölda dýra sem eru limlest eða drepin á vegum landsins vegna ákeyrslna. Ráðið hvetur MAST til að vinna að því með öllum tiltækum ráðum að komið verði í veg fyrir að dýr gangi á vegsvæðum þannig að ákeyrslum á þau verði fækkað verulega.

Fagráð um velferð dýra hyggst jafnframt fjalla um ábyrgð einstakra aðila á velferð dýra undir sérstökum dagskrárlið á ári komandi.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:00. Næsti fundur er áætlaður miðvikudaginn 22. janúar 2020.